

172

24. okt.

## AUGLÝSING

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð um breyting á reglugerð nr. 206 1939, um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

### REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 206 1939, um barnavernd í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

1. og 2. mgr. 6. greinar hljóði svo:

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki vera á almannaferi eftir kl. 8 síðdegis á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, og eftir kl. 11 síðdegis á tímabilinu 1. maí til 1. október, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. október 1940.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

173

24. okt.

## REGLUR

fyrir fiskibáta á Akureyri og við Eyjafjörð undir 80 tonnum, sem stunda vilja fiskveiðar á myrkvunartímanum.

#### 1. gr.

Nöfn bátanna, númer og tala áhafna á bátunum ber að afhenda brezka hafnareftirlitsmanninum. Skrá með þessum upplýsingum á stjórn sjómannafélagsins að gefa yfir alla þá báta, sem líklegir eru að stunda fiskveiðar vetrarlangt. Skráin afhendist brezka hafnareftirlitsmanninum fyrir 21. þ. m.

Formennirnir á bátunum sjái um að hafnareftirlitsmanninum brezka sé skýrt frá því, ekki seinna en einni klukkustund fyrir myrkvunartímann, ef þeir ætla til sjóróðra og skal sérstaklega tekið fram, ef þeir ætla út fyrir línuna, (Hjalteyrarviti rétt austur), því enginn bátur má koma aftur inn fyrir línuna, á myrkvunartímanum, ef hann hefir ekki tilkynnt þetta.

Tilkynning þessi, um ferðir bátanna, skal lätin í bréfkassa í norður-anddyri hússins nr. 90 í Hafnarstræti.

#### 2. gr.

Myrkvunartímann fá menn að vita um á skrifstofu lögreglustjóra.

#### 3. gr.

Á Oddeyri er brezkur hervörður, hefir hann ljósaútbúnað og bregður ljósi yfir bátana, svo númer þeirra sjáist. Ber bátunum að sigla eins nálægt Oddeyrinni og þeir geta.